

Uppistaða og ívaf

Það er ekki oft sem annan eins hvalreka og norrænu vefjalistarsýninguna, sem nú stendur að Kjarvalsstöðum, ber á Íslandsstrendur og er þessi fyrsti þríæringur lofsvert menningarframtak norræna starfshópsins sem gerði hann að veruleika. Héðanfer sýningin til Færeyja sem eru síðasti viðkomustaðurinn, áður en sýningin kemur í heimahöfn í Alaborg, en þaðan lagði hún upp í sína miklu reisu um Norðurlöndin í ágústmánuði sl.

Norrænu dómnefndinni bærust 800 verk frá Norðurlöndunum fimm og var öllum frjálst að senda inn tillögur, án þess að um nokkuð bindandi þema eða aðrar kvaðir væri að ræða.

Síðan voru valin úr 116 verk, sem nú fylla hvern krók og kima að Kjarvalsstöðum og má ætla að sýningin gefi nokkuð góða hugmynd um norræna vefjalist í dag.

Hér er nú loksins komið tækifæri fyrir norræna vefara, sem draga á eftir sér sameiginlegan slóða gamallar vefjahefðar, að vinna vefjalistinni fastari sess í þjóðarvitundinni sem sjálfstæð listgrein, sem ekkert þarf að þiggja frá öðrum listgreinum. Og, óneitanlega hefur vefjalistin það forskot fram yfir aðrar listgreinar, svo sem málalist og höggmyndalist, að þarna er um að ræða efni sem allir þekkja og hafa komist í snertingu við. Að þremur árum liðnum fáumvið síðan að sjá afrakstur þess innblásturs, samamburðar og örvunar sem þetta tilefni hlýtur að verða öllum þeim sem að vefjalist vinna.

Í fróðlegri sýningarskrá í broti fréttablaðs má sjá stefnu- yfirlýsingar norrænu starfshópanna, svo og söguleg yfirlit vefjalistar í viðkomandi löndum. Björn Th. Björnsson getur þess í nokkrum punktum íslenskrar vefjasögu, að vefkonan muni hafa verið einn fyrsti löggverndaði iðnaðarmaðurinn á Norðurlöndum og sýnir það að þegar á miðöldum hefur vefjalist verið viðurkennd listgrein.

Að Kjarvalsstöðum kemur glögg í ljós, hversu geysivíðfeðmt hugtakið „vefjalist“ er. Þar fá inni ótal tjáningarform, svo sem myndvefnaður, röggvarvefnaður, vefþrykk, ásaumur, útsaumur, makramé, batik, hekl, þrjón og fleira. Mörkin milli vefjalistar annars vegar og skúlptúrs og málalistar hins vegar eru hér ákaflega óljós. Vefjalistin er ekki lengur háð veggnum, hún er vís með að koma til okkar niður úr loftinu eða feta sig eftir gólfinu. Það er einnig augljóst að norræna vefjalistin í dag er skapandi, en ekki þjónandi eins og hlutverk hennar hefur óhjá-




Sigrún Sverrisdóttir myndvefari við verk sitt Að loknu dagsverki.

kvæmilega verið á undanförunum öldum sem nytjalist. Þegar gengið er um sýningarsalina án þess að hafa sýningarskrá við höndina, er nær ógjörningur að flokka verkin niður eftir þjóðerni. Það sýnir ekki einungis að öll góð list er alþjóðleg, heldur einnig að þessir fimm alar norrænnar vefjalistar runnu eitt sinn út frá sömu uppsprettunni.

Vel má vera að þessi séreinkenni norrænnar vefjalistar hafi orsakað það að framlög Norðurlandanna hafa átt erfitt með að fá inni á alþjóðlegum sýningum t.d. á vefjalistasýningunni í Lausanne og hefur það einnig orðið til að auka skilning á nauðsyn norræna þríæringsins. Þólfverjar urðu á sjötta áratugnum fyrstir til að brjótast út úr sinni gömlu vefjahefð, sem farin var að sníða listrænu hugmyndaflugi þeirra og lífshugsjónum af þröngan stakk.

Allan sjötta áratuginn setti pólska vefjalistin, sem með sinni áhrifamiklu efnismeðferð seildist inn á svið skúlptúrs, svip sinn á evrópsku vefjalistina. Af pólskum vefjasníllingum má nefna Mariu Laszkiewicz, andlega móður nýja pólska vefnaðarins og frá vefstofu hennar hafa komið flest þeirra verka, sem aflað hafa Póllandi alþjóðlegra viðurkenninga. Að Kjarvalsstöðum eru pólsku áhrifin á greinilegu undanhaldi, raunsæja myndin er farin að ryðja sér rúms og gætir þess helst í verkum svía og íslendinga. En yfirgnæfandi meirihluti vinnur þó með abstrakt formum, geometriskum eða non-figurativum. Litirnir eru oft í mildum og mettóum jurtalitum, unnir af vefurunum sjálfum, sumir spinna jafnvel sjálfir og til að komast enn nær því upprunalega, rækta t.d. hörrinn sem þeir vinna úr. Efnid er eins fjölbreytilegt og hugmyndaflugið leyfir, ull og bómull eru mest notuð og gerviefni ymiss konar. Ívafið er stundum koparþráður, hampur, hrosshár eða gróf reipi.

Finnarnir eru sem fyrr ákaflega náttúrubundnir og



Sumarbrúðkaup Önnu Lenu Emden er unnið í þrjón á einlægum og barnalegum hátt.

náttúran er einnig hugveikjan að verkum þriggja íslendinga af 6. Þessi verk eru ekki aðeins rómantískar náttúrulýsingar, heldur flytja þær einnig sinn boðskap um náttúruvernd og það að hverjum manni beri að rækta sinn garð. Þennan boðskap má lesa í Rúg- og kartöfluakri (39) Pirkko Hammarberg, sem er beinn óður til jarðarinnar, hugleiðing um gjafmildi hennar og þá ríkulegu uppskeru sem hún gefur af sér, ef vel er að henni farið. Pirkko beitir þarna ýmsum aðferðum til að ná fram dýpt og vidd. Hún grípur til hinnar gömlu finnsku röggvatækni, hnýtir og bindur léreftsræmur og búta í ótal grænum litbrigðum og er auðsýnilega nýtin í sinni list, enda uppskeran eftir því.

Það er einnig komið að uppskerutíma við Kartöfluakri (62) Rögnu Róbertsdóttur, sem byggður er upp á einföldum geometriskum formum í jarðarlitunum og hvítu og lítt og Pirkko hnýtir hún léreftsræmur fyrir kartöfluhrós og gefur ströngum fletinum þannig hreyfingu og líf.

Radísur Arndísar, Agnar Guðmundsdóttir (60) eru leikandi létt og næstum músikalskt

verk eins og þeim er komið fyrir og Blóm (61) Sigurlaugar Jóhannesdóttur er ljóðrænt verk og heillandi. Sigrún Sverrisdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir fara aðrar leiðir en landar þeirra. Þær nota hina raunsæju listmynd til að fjalla um þjóðfélagsleg vandamál og taka fyrir málefni kvenna. Verk Þorbjargar Lífsmunstur konunnar (65) er myndasaga um félagslega stöðu kynsystra hennar. Þar bregður hún upp og frýstir fjögur augnablik úr lífi konunnar, giftingu, uppþvott, barnagæslu og einmana-leika ellinnar. Þessi augnablik raðast í lífi konunnar, lífsmunstrið er útfyllt í myndinni. Annað verk Þorbjargar Eftir átta (66) er tveggjað og áleitið. Þar stendur konan við uppþvottinn, meðan fjölskyldan eflaust situr við skjáinn. Uppþvottabalann sem konan stendur við má einnig sjá sem sjónvarpsskjá, þar sýnir myndin leirmunina sem hún þvær. Í Karlmann og konur (63) Sigrúnar Sverrisdóttur er inntakið karlmannaveldi. Myndbyggingin er ákaflega margbrotin, þó hefur boðskapurinn ekki borið formið ofurliði, ennþá áhrifameiri hefði myndin kannski orðið á stærri fleti. Sigrún sýnir vinnulífið verkafólks með steinsteypuvassu í báksýn í Að loknu dagsverki (64) á raunsæjan og væmnislausan hátt á sama hátt og ljósmynda-velin hefði gert.

Asgerður Búadóttir sýnir einfallegustu verkin á sýningunni. Þótt erfitt sé að finna ytri fyrirbæri úr náttúrunni, kannski aðeins gáru á vatni eða sveil-

Myndlist



Hrafnhildur Schram

þjóðarbókhöfðu íslendinga. Ef vel er að gáð má í sýningarskrá finna fáeina karlmenn meðal þátttakenda. Þar á meðal eru þrír sem ekki eru af norrænu bergi brotnir en búsettir í Svíþjóð og minnir t.d. litskrúðugur svífskúlptúr japanans Kazuko Tamaro Regnbogahátið (111) á austurlenskan uppruna hans. Þólfverjinn Gregor Fedyszyn, sem á eitt frumlegasta verk sýningarinnar (97) heklaðan gólfskúlptúr af lífrænum toga með löngu latnesku nafni sem leiðir hugann að kórólum, sver sig í ætt við lífrænan nútímaskúlptúr í heimalandinu Póllandi. Kannski eru framlög íslenskra karlmanna ekki langt undan!


Nina Gjestland sýnir verk (70) undir sterkum áhrifum frá list indíána og Nanna Herstoff, (12) einn helsti hvatamaður þríæringsins, opnar fagurraðan fjallaheim ævintýralandsins undir silfurhimnum í tviskiptum vefnaði. Loftkennd og létt eins og þokuslæða eru verk Annette Juel (21, 22) þar sem uppistaðan án ívafs breiðir úr sér og óneitanlega eru þær skondnar og skemmtilegar þrjónamyndirnar hennar Önnu Lenu Emden (93, 94, 95) með barnlegu yfirbragði með eftirlætismyndafni naivistans, brúðkaupi, á einni myndinni.

Vefþrykkið gegnir sama hlutverki innan vefjalistar og grafíkin innan myndlistar, ekki sem ódýrari og óæðri miðill, heldur sem sjálfstæð listgrein innan vefjalistar, þar sem möguleikar fjölföldunar geta haldið verðinu niðri. Myndvefnaður hlýtur alltaf að verða dýr vegna þeirrar miklu og seinlegru vinnu sem á bak við liggur. Erlendis mun nú vera hægt að velja um sömu mynd í myndvefnaði og vefþrykki og verður gaman að fylgjast með því hvort vefþrykkið á eftir að ná jafn skjótri útbreiðslu og grafíkin hér á landi á síðustu árum.

Vefþrykkinn eru veikasti hlekkur sýningarinnar og gefa alls ekki rétta mynd af því sem gert er í dag á því sviði. Það er heillandi á þessari sýningu að sjá verk þeirra listamanna sem þekkja sitt efni, treysta því og vinna samkvæmt eðli þess og ná árangri sem virkar sannfærandi á því tiltekna sviði. Aþreifanlegt dæmi þess hversu illa getur farið þegar svo er ekki er verk Brittu Stenberg-Tyrefors (109) þar sem reynt er að flytja vatnslitamynd yfir í myndvefnað sem lýtur gjörólikum lögmálum eins og nærri má geta um svo ólíkt efni. Útkoman verður sú að ferskleiki frummyndarinnar fer forgörðum við þennan flutning, tjáningarmáttur vefsins er þarna ekki nýttur.

Eins og aðstandendur sýningarinnar hafa réttilega bent á hefðu verkin notið sín betur á hvítum bakgrunni, eins hefði vandaðri sýningarskrá með fáeinum litmyndum haft meira söfnunargildi en nýstárlega fréttablaðsformið. Þess er óskandi að framtíða þríæringar fái að halda þeim ferskleika og reisu, sem einkennir sýninguna að Kjarvalsstöðum.

Hrafnhildur Schram listfræðingur.



Regnbogabúr Japanans Kazuko Tamaro er eitt af sérstæðustu verkum sýningarinnar.